

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu
Þjóðarspegilsins 2024. Haldið í sal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 9.
október 2024 kl. 15.**

Forseti Félagsvísindasviðs, kæra samstarfsfólk, góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að segja fáein hér við opnun Þjóðarspegilsins 2024.

Þjóðarspegillinn stendur nú á tímamótum því ráðstefnan er nú haldin í 25.

sinn, en hún var fyrst haldin árið 1994 undir heitinu Rannsóknir í

félagsvísindum og var næst haldin 1997. Helstu hvatamenn að stofnun

ráðstefnunnar voru þeir Friðrik H. Jónsson, prófessor í sálfræði, og Ingjaldur

Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, en þeim entist því miður ekki aldur

til að sjá fræið sem þeir sáðu verða að því gróskumikla tré sem nú laufgast á

hverju ári í vetrarbyrjun.

Óhætt er að segja að Þjóðarspekillinn beri nafn með rentu því hér er á ferðinni stærsta ráðstefna um rannsóknir á sviði félagsvísinda sem haldin er hér á landi og speglar hún íslenskt þjóðfélag í öllum sínum margbreytileika. Fyrirkomulag og framkvæmd ráðstefnunnar hefur einnig tekið breytingum í takt við þróun félagsvísindanna og samfélagsins. Þannig stóðu í upphafi tvær deildir að ráðstefnunni, Félagsvísindadeild og Viðskipta- og hagfræðideild. Síðar bættist Lagadeild við og árið 2006 fékk ráðstefnan loks heitið Þjóðarspekillinn og hefur borið það heiti síðan. Frá árinu 2008 hafa allar deildir Félagsvísindasviðs staðið sameiginlega að ráðstefnunni og er hún því réttnefnd ráðstefna rannsókna í félagsvísindum í víðasta skilningi. Fyrirkomulag ráðstefnunnar speglaði sannarlega þjóðina þegar heimfaraldurinn lamaði heimsbyggðina og fór hún alfarið fram í gegnum fjárfundarbúnað á árunum 2020 og 2021.

Þjóðarspekillinn er ekki aðeins vettvangur fyrir fræðafólk til að bera saman bækur sínar heldur er ekki síður lögð áhersla á virkt samtal við samfélagið utan veggja háskólanna. Þannig veitir ráðstefnan fræðafólki, sérfræðingum og öðrum tækifæri til að deila þekkingu, læra hvert af öðru og efla fagleg tengsl og samstarf á sviði félagsvísinda. Þetta hefur reynst afar farsælt og um leið hleypt aukni lífi í félagsvísindalegar rannsóknir sem glögg má sjá á því að birtingatíðni félagsvísindafólks á erlendum vettvangi hefur stóraukist. Eins og dagskrá ráðstefnunnar í ár ber glögg vitni er mikil gróska í rannsóknum í félagsvísindum á Íslandi.

Ég nefndi stefnu Háskóla Íslands, en vert er geta þess að mikill samhljómur er á milli Þjóðarspegilsins og HÍ26 eins og glögggt má sjá á því að orðið „samfélag“ kemur um 60 sinnum fyrir í knöppum texta stefnunnar. Þó er meira um vert að sjálft upplegg ráðstefnunnar talar beint inn í árherslur HÍ26. Þannig segir m.a. í stefnutextanum „Við eigum samstarf þvert á einingar skólans og í frjóu samtali og samstarfi við samfélag,“ og „Við erum fjölbreyttur hópur starfsfólks og nemenda sem leggur áherslu á að nám og rannsóknir mæti þörfum íslensks samfélags og atvinnulífs og stuðli að sjálfbærum heimi“, auk þess sem einn verkefnastofn stefnunnar ber yfirskriftina „Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar“.

Góðir gestir. Á Þjóðarspeglinum er mikil dagskrá fram undan. Hér á eftir verður haldið opnunarerindi og pallborð og á morgun verður boðið upp á heil 190 erindi í 45 málstofum. Ég vil ljúka máli mínu með því að þakka öllum þeim sem komið hafa að undirbúningi ráðstefnunnar fyrir þeirra góðu vinnu og segi Þjóðarspegilinn 2024 settan.